



LANDSSAMTÖK  
SKÓGAREIGENDA

# Aðalfundur LSE 2023

Grein 6.1 í lögum Landssamtaka skógareigenda (LSE) 2022:  
-Aðalfundur skal halda árlega í tengslum við Búgreinabing skógarbænda og hefur hann æðsta vald í öllum málum LSE.-  
Boðað var til þingsins samkvæmt gildandi samþykktum/lögum félagsins.

## FUNDARGERÐ

**Fundarstaður:** Hótel Berjaya, Reykjavík

**Fundardagur:** 22. febrúar 2023

**Fundartími:** kl 17:15-17:45

Þátttakendur á fundi:

Jóhann Gísli Jóhannsson	Breiðavaði, FSA	Kári Steinar Karlsson	Galtalæk, FSS
Björn Ármann Ólafsson	Meðalnesi, FSA	Ragnheiður Aradóttir	Galtalæk, FSS
Halldór Sigurðsson	Hjartarstöðum, FSA	Guðbrandur Brynjúlfsson	Brúarland, FSV
Hilmar Gunnlaugsson	Egilsseli, FSA	Guðmundur Sigurðsson	Oddsstöðum, FSV
Þórhalla Sigmundsdóttir	Birnufelli, FSA	Bergþóra Jónsdóttir	Hrútsstöðum, FSV
Laufey Leifsdóttir	Stóru-Gröf syðri, Norðurlandi	Lárus Elíasson	Rauðsgili, FSV
Sigrún Hrönn Þorsteinsdóttir	Flugumýrarhvammi FSN	Margrét Guðmundsdóttir	Breiðabólstað. FSV
Berglind Ósk Óðinsdóttir	Þormóðsstöðum, FSN	Þórólfur Halldórsson, áheyrnafulltrúi, Grund, Vesturlandi	
Sigtryggur Herbertsson	Þormóðsstöðum, FSN	Sighvatur Jón Þórarinsson	Höfða, FSVfj.
Embla Dóra Björnsdóttir	Egg, FSN	Pröstur Eysteinnsson,	Skógræktarstjóri, gestur
Hrönn Guðmundsdóttir	Læk, FSS	Aðalstein Sigurgeirsson,	Fagmálstj. Skógræktarinnar, gestur
Hjörtur Bergmann Jónsson	Læk, FSS	Hlynur Gauti Sigurðsson	Starfsmaður BÍ
Agnes Geirdal	Borgarholti, FSS		

Dagskrá

### 1. Skýrsla stjórnar

Jóhann Gísli Jóhannsson, formaður búgreinadeildar skógarbænda og þar með LSE, sagði í fáum orðum að þörf væri á að fjölga félögum í röðum skógarbænda hjá BÍ. Gera þarf bragabót á því.

### 2. Afgreiðsla reikninga

Lagðir voru fram reikningar síðasta árs.

Aðalfundur LSE 2023 samþykkir reikninga að teknu tilliti til athugasemdar skoðunarmanns reikninga.

### 3. Tillögur

Fyrir fundinn lá fyrir lagabreyting af aukafundi LSE sem haldinn var með fjarfundabúnaði þann 16. mars 2022.

12. gr.

*Leggist starfsemi LSE niður og félaginu er slitið skulu eigur þess ganga til aðildarfélaganna, sbr. 3. grein, í hlutfalli við fjölda félagsmanna þeirra.*

Samþykkt samhljóða.

### 4. Önnur mál

Almennar umræður voru um ágæti þess að skógarbændur hafi sameinast Bændasamtökum Íslands.

Skiptar skoðanir voru á málinu. Ekki er hægt að þvinga trausti upp á skógarbændur heldur þarf búgreinadeildin að ávinna sér traustið. Efla þarf starf skógarbænda innan BÍ.

Til máls tóku: Hrönn, Laufey, Guðmundur, Hilmar, Agnes og Pröstur.